

GAMMA Capital Management hf.

Ársreikningur 2021

GAMMA Capital Management hf.
Katrínartúni 2
105 Reykjavík
Kt. 530608-0690

Efnisyfirlit

	Bls.		Bls.
		B-hluti	
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3	Ársreikningur fjárfestingarsjóðsins GAMMA: Total Return Fund	18
Áritun óháðs endurskoðanda	5	Rekstrarreikningur	19
A-hluti		Efnahagsreikningur	20
Rekstrarreikningur	7	Yfirlit um breytingar á hreinni eign	21
Efnahagsreikningur	8	Skýringar	22
Sjóðstreymisyfirlit	9	Ársreikningur fjárfestingarsjóðsins GAMMA: Global Invest (EUR)	27
Skýringar	10	Rekstrarreikningur	28
Yfirlýsing um stjórnarhætti - óendurskoðuð	15	Efnahagsreikningur	29
		Yfirlit um breytingar á hreinni eign	30
		Skýringar	31

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Tilgangur GAMMA Capital Management hf. (hér eftir GAMMA eða félagið) er að annast rekstur fjárfestingarsjóða og annarra sérhæfðra sjóða í samræmi við lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Ársreikningi félagsins er skipt í tvo hluta, A-hluta sem inniheldur ársreikning rekstrarfélagsins fyrir árið 2021 og B-hluta sem inniheldur ársreikninga fjárfestingarsjóða GAMMA. Þessi framsetning á reikningnum er í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki, lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og reglur um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða. Ársreikningur A-hluta GAMMA er hluti af samstæðu Kviku banka hf. en B hluti hans ekki sökum eðlis starfseminnar. Félagið starfar sem sjálfstæður rekstraraðili sérhæfðra sjóða og er meirihluti stjórnar félagsins óháður Kviku banka hf.

Í lok árs 2021 voru tveir fjárfestingarsjóðir og 13 aðrir sérhæfðir sjóðir í rekstri hjá félaginu. Eignir í stýringu í árslok námu 27,5 ma.kr. (2020: 88,2 ma.kr.) Á árinu var 10 sérhæfðum sjóðum í rekstri félagsins slitið og eignir þeirra greiddar út til eigenda. Tveir sjóðir í rekstri félagsins eru í slitameðferð; fjárfestingarsjóðirnir GAMMA: Total Return Fund og GAMMA: Global Invest.

Á fyrri hluta 2021 var starfsleyfi GAMMA til reksturs verðbréfasjóða, fjárfestingarráðgjafar og eignastýringar fellt niður að beiðni félagsins. Starfsleyfi GAMMA tekur í dag einungis til reksturs og áhættustýringar sérhæfðra sjóða.

Á árinu störfuðu að meðaltali 5,3 starfsmenn hjá félaginu. Í árslok voru starfsmenn félagsins 3 talsins. Vísað er í skýringu 2 um laun stjórnar og framkvæmdastjóra.

Hagnaður varð af rekstri félagsins á árinu 2021 að fjárhæð 220,8 millj.kr. samkvæmt niðurstöðu rekstrarreiknings. Eigið fé félagsins í árslok 2021 nam 1.593,1 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eiginfjárhlutfall félagsins, sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, var 88,4% en þetta hlutfall má ekki vera lægra en 8,0%. Stjórn félagsins leggur til að hagnaður ársins verði yfirfærður til næsta árs en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

Horfur í starfsumhverfinu

Faraldur kórónaveirunnar COVID-19 setti svip á starfsemi félagsins á starfsárinu 2021. Fjárhagsleg áhrif af COVID á rekstur félagsins voru þó óveruleg. Sérstakur COVID-19 vinnuhópur var starfræktur sem skipulagði viðbrögð og gætti að fylgni við tilmæli sóttvarnaryfirvalda. Vinnustaðnum var skipt upp í sóttvarnarhólf og hópar starfsmanna sem ekki vinna í húsi á sama tíma skilgreindir. Stór hluti starfsmanna starfaði heiman frá hluta ársins, til að lágmarka hættu á hópsemi. Stjórn og stjórnendur félagsins fylgdust vel með þróun COVID-19 og ráðstöfunum stjórnvalda í þeim efnum. Stjórn félagsins og framkvæmdastjóri telja COVID-19 hafa sýnt fram á getu félagsins til að mæta óvæntum áskorunum en halda uppi daglegri starfsemi. Faraldurinn hefur að mati stjórnar og stjórnenda ekki haft áhrif á rekstrargrundvöll eða áframhaldandi rekstrarhæfi félagsins eða sjóða í rekstri þess. Frá áramótum hafa ekki orðið markverðir atburðir sem hafa bein áhrif á mótaðila félagsins eða sjóða í stýringu, þó bera að geta að áhrif af stríði í Úkraínu eru enn óljós og ekki útilokað að á einhverjum tímapunkti geti það haft áhrif á félagið eða sjóði í stýringu.

Áhættustýring og eftirlit

GAMMA Capital Management hf. lýtur opinberu eftirliti FME samkvæmt lögum nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Virk áhættustýring og innra eftirlit eru mikilvægir þættir í rekstri félagsins og eru mögulegir áhættuþættir greindir með skipulögðum hætti og markvisst er unnið að því að treysta alla umgjörð félagsins. Stjórn er reglulega kynnt samantek áhættustýringar. Áhættuvilji var jafnframt skilgreindur og fylgist stjórn félagsins með lykilmælikvörðum í rekstri félagsins með reglubundnum hætti. Áhættustjóri félagsins sér um skýrslugerð og reglulega upplýsingagjöf til starfsmanna, stjórnenda, stjórnar og eftirlitsaðila. Regluvörslu og innri endurskoðun félagsins er útvistað með sérstökum samningi við Kviku banka hf. með leyfi FME. Reglulegar skýrslur eftirlitseininga eru lagðar fyrir stjórn og starfsnefnd til skoðunar. Endurskoðendur félagsins eru kosnir á aðalfundi og er Deloitte ehf. endurskoðunarfélag GAMMA Capital Management hf.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Hlutfé

Útgefið hlutfé félagsins í árslok nam 31,6 millj. kr. og skiptist á tvo hluthafa eins og í ársbyrjun. Eignarhlutir í árslok 2021 greinast þannig:

	Hlutir
Kvika banki hf	31.658.164
M-investments ehf	1
GAMMA Capital Management hf., eigin hlutir	2.200.835
Samtals útgefið hlutfé	33.859.000

Yfirlýsing um stjórnarhætti

Stjórn GAMMA Capital Management hf. leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum og fylgja leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð Íslands, NASDAQ OMX Iceland hf. og Samtök atvinnulífsins gáfu út og tóku gildi í júlí 2021. Stjórnin hefur sett sér ítarlegar starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgeint og verksvið gagnvart framkvæmdastjóra. Í þessum reglum er meðal annars að finna reglur um fundarsköp, reglur um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála, reglur um þagnarskyldu, upplýsingagjöf framkvæmdastjóra gagnvart stjórn og fleira. Ítarlegri lýsingum á stjórnarháttum félagsins er að finna í stjórnarháttayfirlýsingu félagsins sem er birt á eftir skýringum í ársreikningi þessum.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki, lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og reglur um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða. Er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2021 og rekstrarafkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2021.

Jafnframt er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við. Stjórn og framkvæmdastjóri GAMMA Capital Management hf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2021 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Stjórn og framkvæmdastjóri GAMMA Capital Management hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

Reykjavík, 29. mars 2022.

Í stjórn félagsins:

Einar Hugi Bjarnason, stjórnarformaður

Halldór Snæland

Sigríður Mogensen

Framkvæmdastjóri:

Máni Atlason

Ársreikningur GAMMA Capital Management hf. fyrir árið 2021 er rafrænt undirritaður af stjórn og framkvæmdastjóra.

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í GAMMA Capital Management hf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning GAMMA Capital Management hf. fyrir árið 2021. Ársreikningurinn er í tveimur hlutum; A-hluti sem er rekstrarfélagið sjálft, og B-hluta, sem inniheldur fjárfestingarsjóði rekstrarfélagsins. A-hlutinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. B-hlutinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á hreinni eign, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar fyrir fjárfestingarsjóði rekstrarfélagsins.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins og sjóðanna á árinu 2021, efnahag þeirra 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé félagsins og hreinni eign sjóðanna á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki, lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og reglur um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð GAMMA Capital Management hf. í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela skýrslu stjórnar og stjórnarháttaryfirlýsingu.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu stjórnar sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki, lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og reglur um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi GAMMA Capital Management hf. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Áritun óháðs endurskoðanda

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega víska er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitungum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogur, 29. mars 2022.

Deloitte ehf.

Guðmundur Ingólfsson
Endurskoðandi

Ársreikningur GAMMA Capital Management hf. fyrir árið 2021 er rafrænt undirritaður af endurskoðanda.

Rekstrarreikningur ársins 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrartekjur			
Umsýslu- og árangurstengdar þóknanir	1	492.427	315.991
Aðrar tekjur		5.875	14.708
Fjármunatekjur	4	48.244	8.027
		Heildartekjur	338.726
		546.546	
Fjármagnsgjöld	4	(29.053)	(71.520)
		Hreinar rekstrartekjur	267.206
		517.493	
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	2	145.174	255.652
Annar rekstrarkostnaður		96.164	315.823
		Rekstrargjöld samtals	571.475
		241.338	
Hagnaður (tap) fyrir afkomu vegna dótturfélags		276.155	(304.269)
Hlutdeild í afkomu dótturfélags		0	1.760
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt		276.155	(302.509)
Tekjuskattur	3	(55.306)	64.176
Hagnaður (tap) ársins	8	<u>220.849</u>	<u>(238.333)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr.	31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Verðbréf með breytilegum tekjum	6	51.547	159.256
Kröfur á sjóði	5,12	1.590.182	1.603.362
Kröfur á tengda aðila	12	32.205	58.710
Aðrar kröfur		14.762	303.410
Kröfur samtals		1.637.149	1.965.482
Rekstrarfjármunir		45.177	45.177
Handbært fé		96.737	53.573
Aðrar eignir		21.551	34.091
Aðrar eignir samtals		163.465	132.841
Eignir samtals		1.852.161	2.257.579
Eigið fé			
Hlutafé	7	31.659	31.659
Yfirverðsreikningur hlutafjár		58.984	58.984
Varasjóðir		19.547	28.600
Óráðstafað eigið fé		1.482.951	1.253.008
Eigið fé samtals	8	1.593.141	1.372.251
Skuldbindingar			
Tekjuskattskuldbinding	10	191.930	153.251
		191.930	153.251
Skammtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir	11	0	616.221
Skuldir við tengd félög		21.549	39.105
Reiknaðir skattar	10	16.313	299
Aðrar skuldir		29.228	76.451
		67.090	732.077
Skuldir og skuldbindingar samtals		259.020	885.328
Eigið fé og skuldir samtals		1.852.161	2.257.579

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður (tap) ársins	8	220.849	(238.333)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Langtímakröfur og niðurfærsla, breyting		(198.698)	268.600
Áfallnir vextir og gengismunur		(45.778)	(2.450)
Aðrir liðir		55.306	(61.250)
		<u>31.680</u>	<u>(33.433)</u>
			Veltufé frá rekstri
Breytingar rekstartengda eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, hækkun		329.009	(172.932)
Skammtímaskuldir, lækkun		(64.779)	(145.452)
Stöður við tengda aðila, breyting		0	129.666
		<u>264.230</u>	<u>(188.718)</u>
			Breyting rekstartengdra eigna og skulda
		<u>295.910</u>	<u>(222.151)</u>
			Handbært fé frá (til) rekstrar
Fjárfestingarhreyfingar			
Sala rekstrarfjármuna		209.988	217.732
Seld verðbréf	7	153.488	32.234
		<u>363.475</u>	<u>249.966</u>
			Fjárfestingarhreyfingar
Fjármögnunarhreyfingar			
Tekin ný lán		0	241.003
Afborganir langtímalána		(616.221)	(302.356)
		<u>(616.221)</u>	<u>(61.353)</u>
			Fjármögnunarhreyfingar
Breyting handbærs fjár		43.164	(33.538)
Handbært fé í ársbyrjun		<u>53.573</u>	<u>87.111</u>
Handbært fé í árslok		<u>96.737</u>	<u>53.573</u>

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

a. Almennar upplýsingar

GAMMA Capital Management hf. er íslenskt hlutafélag með starfsemi í Reykjavík. Aðsetur þess er Katrínartún 2, 105 Reykjavík. GAMMA er rekstraraðili sérhæfðra sjóða sem starfar á grundvelli starfsleyfa frá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands samkvæmt lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Félagið er dótturfélag Kvikubanka hf. og hluti af samstæðureikningi félagsins og eru upplýsingar um rekstur og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar.

b. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur GAMMA, A og B hluti, er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki, lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og reglur um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreglu nema hvað verðbréf með breytilegum tekjum eru færð á gangvirði. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

c. Matsaðferðir

Gerð ársreiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, leggi mat á og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beiingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda.

Mat og undirliggjandi forsendur stjórnenda eru í stöðugri endurskoðun og eru áhrifin af breytingu á mati og forsendum færð á því tímabili sem breytingin á sér stað og á síðari tímabilum, ef breytingarnar hafa áhrif á þau.

d. Umsýslubóknun og árangurstengdar þóknanir

Félagið fær umsýslubóknun fyrir að annast eignastýringu og daglegan rekstur fjárfestingarsjóða og annarra sérhæfðra sjóða GAMMA. Umsýslubóknunin reiknast sem fast hlutfall af eignum hvers sjóðs. Að auki fær félagið árangurstengdar þóknanir sem taka mið af ávöxtun sjóðanna umfram ákveðin viðmið. Árangurstengdar þóknanir eru því ekki til greiðslu fyrr en við slit sjóða (ef forsendur fyrir slíkri greiðslu eru þá fyrir hendi) og geta bæði hækkað og lækkað eftir ávöxtun sjóðanna.

e. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af kröfum, þ.m.t. af bankainnstæðum, gengishagnaði af erlendum gjaldmiðlum og gengisbreytingu verðbréfa. Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtagjöldum og gengistapi af erlendum gjaldmiðlum.

Hagnaði og tapi vegna gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla er jafnað saman.

f. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf með breytilegum tekjum eru hlutdeildarskírteini í sjóðum og eru færð á síðasta skráða gengi ársins.

g. Eignarhlutur í dótturfélagi

Dótturfélag er félag þar sem móðurfélagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar móðurfélagið hefur vald til ákvörðunartöku um fjármál og rekstur dótturfélagsins. Eignarhlutur í dótturfélagi er færður samkvæmt hlutdeildaraðferð. Tap dótturfélags umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir hönd dótturfélagsins. Áhrif dótturfélagsins, GCM Advisory ehf. með aðsetur í Katrínartúni 2, 105 Reykjavík, eru metin óveruleg þar sem engin rekstur er hjá félaginu og er því ekki gerður samstæðureikningur með vísan til 68. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006.

h. Kröfur á sjóði og aðrar kröfur

Kröfur á sjóði og aðrar kröfur eru færðar á nafnvirði að frádreginni áætlaðri niðurfærslu vegna krafna sem kunna að tapast.

Skýringar, frh.:

i. **Rekstrarfjármunir**

Rekstrarfjármunir félagsins eru listmunir og eru þeir færðir til eignar á kostnaðarverði. Listmunir eru ekki afskrifaðir.

j. **Handbært fé**

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum hjá innlánsstofnunum.

k. **Tekjuskattur**

Tekjuskattsskuldbinding er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld eru að jafnaði færð fyrir í skattuppgjöri en í ársreikningi. Tekjuskattur á hagnað innifelur bæði tekjuskatt til greiðslu og frestaðan tekjuskatt. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning.

l. **Skuldir við lánastofnanir**

Skuldir við lánastofnanir eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði. Lántökukostnaði er dreift miðað við virka vexti.

2. **Laun og launatengd gjöld**

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2021	2020
Laun	125.959	227.089
Kaupréttir	41	0
Launatengd gjöld	19.174	28.563
Laun og launatengd gjöld samtals	145.174	255.652

Fjöldi starfsmanna að meðaltali

	5	9
--	---	---

Kvika banki hf. móðurfélag félagsins er með kaupréttaráætlun og býðst starfsmönnum samstæðu að vera þátttakendur. Vísað er til ársreiknings samstæðunnar varðandi frekari upplýsingar um kaupréttaráætlunina.

Laun, hlunnindi og mótfamlag í lífeyrissjóð stjórnenda félagsins greinast þannig:	2021	2020
Máni Atlason, framkvæmdastjóri	38.353	37.525
Einar Hugi Bjarnason, stjórnarformaður	7.491	4.370
Halldór Þór Snæland, stjórnarmaður	2.415	2.013
Sigríður Mogensen, stjórnarmaður	4.830	2.818
Guðmundur V. Friðjónsson, varamaður í stjórn	0	199
Andri Vilhjálmur Sigurðsson, fyrrv. stjórnarformaður	0	8.590
Hlíf Sturludóttir, fyrrv. stjórnarformaður og fyrrv. stjórnarmaður	0	6.383
Anna Rut Ágústsdóttir, fyrrv. stjórnarmaður	0	397
	53.089	62.295

Stjórn félagsins hefur samþykkt starfsreglur um kaupauka í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 388/2016. Í lok árs 2021 er engin uppsöfnuð skuldbinding vegna kaupaukakerfis.

3. **Tekjuskattur**

Virkur tekjuskattur í rekstrarreikning greinist þannig:

	2021	2020
Hagnaður (tap) reglulegrar starfsemi fyrir tekjuskatt	276.155	(302.509)
Tekjuskattur m.v. gildandi skatthlutfall	20,0% (55.231)	20,0% 60.502
Afkoma dótturfélaga	0,0% 0	(0,1%) 352
Ofrádráttarbær kostnaður	(0,0%) (4)	0,0% (4)
Aðrir liðir	(0,0%) (71)	(1,1%) 3.326
	(20,0%) (55.306)	(21,2%) 64.176

Skýringar, frh.:

4. Fjármagnsliðir

Fjármagnsliðir greinast þannig:	2021	2020
Vaxtatekjur af kröfum og bankareikningum	854	483
Gengishagnaður	47.390	7.544
	<u>48.244</u>	<u>8.027</u>
Vaxtagjöld af vaxtaberandi skuldum	(29.053)	(59.429)
Gengistap	0	(12.091)
Fjármagnsgjöld samtals	<u>(29.053)</u>	<u>(71.520)</u>
Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	19.191	(63.493)

5. Kröfur á sjóði

Kröfur á sjóði eru annars vegar tilkomnar vegna ákvæða um árangurstengda þóknun GAMMA sem tekur mið af ávöxtun sjóðanna umfram ákveðin viðmið og hins vegar vegna fastra mánaðarlegra þóknanna. Árangurstengdar þóknanir eru ekki til greiðslu fyrr en við slit sjóða (ef forsendur fyrir slíkri greiðslu eru þá fyrir hendi) og geta bæði hækkað og lækkað eftir ávöxtun sjóðanna.

6. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréfaeign félagsins samanstendur af hlutdeildarskírteinum í sérhæfðum sjóðum að fjárhæð 51.546 þús. kr. Hlutdeildarskírteini eru metin á markaðsverði í árslok. Breyting verðbréfaeignar greinist þannig á árinu:

	2021	2020
Staða í ársbyrjun	159.256	203.581
Seld verðbréf	(153.488)	(32.234)
Gengisbreyting verðbréfa	45.778	(12.091)
Staða í árslok	<u>51.546</u>	<u>159.256</u>

7. Hlutfé

Hlutfé félagsins nemur 33.859 þús. kr. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Í lok árs 2020 átti félagið eigin hlutabréf að nafnverði 2.201 þús. kr. eða 6,5% af útgefnu hlutfé og er staðan óbreytt í árslok 2021.

8. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Bundnir varasjóðir			Óráðstafað eigið fé	Samtals
			Lögbundinn varasjóður	Varasjóður kaupréttá	Gangvirðis- reikningur*		
2021							
Eigið fé 1.1.2021	31.659	58.984	8.465	0	20.134	1.253.008	1.372.251
Kaupréttir				41			41
Afkoma ársins					(9.094)	229.943	220.849
Eigið fé 31.12.2021 ...	<u>31.659</u>	<u>58.984</u>	<u>8.465</u>	<u>41</u>	<u>11.041</u>	<u>1.482.951</u>	<u>1.593.141</u>
2020							
Eigið fé 1.1.2020	31.659	58.984	8.465	0	170.214	1.341.261	1.610.584
Sérstakt endurmat					(137.989)	137.989	0
Afkoma ársins					(12.091)	(226.242)	(238.333)
Eigið fé 31.12.2020 ...	<u>31.659</u>	<u>58.984</u>	<u>8.465</u>	<u>0</u>	<u>20.134</u>	<u>1.253.008</u>	<u>1.372.251</u>

* Samkvæmt lögum um ársreikninga nr. 3/2006 skal færa matsbreytingar á fjármálagerningum tilgreindum á gangvirði við upphaflega skráningu af óráðstöfuðu eigin fé á gangvirðisreikning meðal eigin fjár sem óheimilt er að úthluta arði af, að teknu tilliti til skattaáhrifa eftir því sem við á.

Skýringar, frh.:

9. Eiginfjárlutfall

Eiginfjárlutfall GAMMA Capital Management hf. sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 88,4% en lágmarks eiginfjárlutfall er 8,0% samkvæmt lögum. Hlutfallið reiknast þannig:

	2021	2020
Eiginfjárgrunnur samtals	1.593.141	1.372.251
Eiginfjárfra skiptist þannig:		
Útlánaáhætta	144.254	183.421
Eiginfjárfra samtals	144.254	183.421
Eiginfjárfra miðað við fastan rekstrarkostnað	60.334	143.679
Eiginfjárgrunnur umfram eiginfjárkröfu	1.448.887	1.188.830
Eiginfjárlutfall	88,4%	59,9%

Samkvæmt 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 skal eiginfjárgrunnur rekstrarfélaga verðbréfasjóða aldrei nema lægri fjárhæð en sem svarar til 25% af föstum rekstrarkostnaði síðasta árs.

10. Tekjuskattsskuldbinding

	2021	2020
Staða í ársbyrjun	153.251	191.632
Leiðrétting 1.1.	0	26.094
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins	55.306	(64.176)
Tekjuskattur til greiðslu	(16.628)	(299)
Staða í árslok	191.930	153.251
Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:		
Langtímakröfur	165.458	125.604
Veltufjármunir	(23.944)	(22.987)
Rekstrarfjármunir	49.699	49.699
Aðrir liðir	718	936
Staða í lok tímabilsins	191.930	153.251

11. Skuldir við lánastofnanir

Vaxtaberandi skuldir greinast þannig:

	2021	2020
Skuldir við móðurfélag	0	616.221
Afborganir greinast þannig á næstu ár:		
Afborganir innan árs	0	616.221

Skýringar, frh.:

12. Tengdir aðilar

Félagið skilgreinir eftirfarandi aðila sem tengda aðila: móðurfélagið Kvika banki hf., dótturfélög og hlutdeildarfélag bankans, sjóðir í rekstri GAMMA Capital Management hf. og félög í þeirra eigu.

Jafnframt eru stjórnarmenn og framkvæmdastjóri félagsins, stjórnarmenn, forstjóri og lykilstjórnendur Kvikubanka hf. (vísað til sem stjórnendur) ásamt fjölskyldumeðlimir þeirra skilgreindir sem tengdir aðilar sem og félög í þeirra eigu.

Engin óvenjuleg viðskipti voru við tengda aðila á árinu. Viðskipti við tengda aðila eru á grundvelli þjónustusamninga og eru verðlögð eins og um ótengda aðila væri að ræða.

Stöður við tengda aðila eru eftirfarandi:

	Póknana- tekjur	Vaxta- gjöld	Hlutdeildar- skirteini	Eignir	Skuldir
2021					
Sjóðir í rekstri GAMMA	492.427	0	11.440	762.894	0
Langtímakröfur á sjóði					
vegna árangurstengingar	0	0	0	827.288	0
Samstæða Kvikubanka hf.	0	28.700	0	96.727	21.549
Aðrir tengdir aðilar	0	0	0	32.205	0
2020					
Sjóðir í rekstri GAMMA	315.991	0	118.531	975.342	0
Langtímakröfur á sjóði					
vegna árangurstengingar	0	0	0	628.020	0
Samstæða Kvikubanka hf.	0	20.553	0	18.158	655.327
Aðrir tengdir aðilar	0	0	0	40.552	0

13. Atburðir eftir reikningsskiladag

Eftir reikningsskiladag hefur rekstur sex sjóða sem voru í rekstri GAMMA í lok árs 2021 verið fluttur til annars rekstraraðila sérhæfðra sjóða innan samstæðu Kvikubanka. Um er að ræða sjóðina GAMMA: Agros, GAMMA: Opus, GAMMA: Numinous, GAMMA: Grunnvirki, GAMMA: Total Return Fund og GAMMA: Global Invest.

Tveir fyrirverandi starfsmenn félagsins hafa stefnt félaginu til greiðslu frestaðs hluta kaupauka vegna árangurs í starfi árið 2017, sem félagið hafði lýst yfir að yrði ekki greiddur. Dómkröfur í máluðum eru samtals um 2,3 milljónir króna.

Yfirlýsing um stjórnarhætti - óendurskoðuð

GAMMA Capital Management hf. hefur hliðsjón af Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út á vegum Viðskiptaráðs Íslands eins og gert er grein fyrir í yfirlýsingu þessari. Góðir stjórnarhættir eru nú aðgengilegir í 6. útgáfu frá febrúar 2021, á vefnum <http://www.leidbeiningar.is>. Hér að neðan er að finna upplýsingar um einstaka þætti stjórnarháttanna GAMMA Capital Management hf. og tekur umfjöllunin mið af fyrrnefndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja að því marki sem við á.

Til viðbótar við 6. útgáfu stjórnarháttanna fyrirtækja starfar GAMMA Capital Management hf. m.a. á grundvelli laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. GAMMA Capital Management hf. er rekstraraðili sérhæfðra sjóða með starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu skv 6. gr. laga nr. 45/2020.

Starfsleyfi GAMMA Capital Management hf. tekur til reksturs sérhæfðra sjóða.

Fjármálaeftirlitið hefur jafnframt eftirlit með starfsemi GAMMA Capital Management hf. eins og lög gera ráð fyrir, þar á meðal á grundvelli laga um nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Yfirlit um viðkomandi lög og reglur um starfsemi rekstrarfélaga verðbréfasjóða má nálgast á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, <http://www.fme.is>.

Vegna smæðar og þar sem GAMMA Capital Management hf. er ekki skráð í kauphöll víkur félagið frá ýmsum ákvæðum í Leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands. Stjórn starfrækir ekki undirnefndir.

Í ljósi þess að hluthafar félagsins eru aðeins tveir er vikið frá tilteknum atriðum í Leiðbeiningunum í tengslum við hluthafafundi. Til að mynda hefur ekki verið þörf á því að halda hluthafafundi með rafrænum hætti, og ekki eru birt á vefsíðu dagsetning aðalfundar, starfskjarastefna, upplýsingar um framboð til stjórnar eða frestur til að leggja fram mál.

Stjórn GAMMA Capital Management hf. ber ábyrgð á að koma á fót kerfi fyrir áhættustýringu og innra eftirliti og fylgjast með virkni þess. GAMMA Capital Management hf. setur innri reglur varðandi starfsemi félagsins, þar á meðal áhættustefnu, áhættustýringarreglur og lausafjárstefnu. Áhættustýring félagsins ber ábyrgð á að bera kennsl á hvers konar áhættu félagsins og sjóða í rekstri þess, að meta hana og stýra henni í samvinnu við framkvæmdastjóra GAMMA Capital Management hf.

Regluvörður hefur eftirlit með fylgni félagsins við lög og reglur og með því að innri reglum félagsins sé fylgt í ákvarðanatöku og allri starfsemi félagsins.

Árlega er gerð áætlun fyrir rekstur næsta árs. Rekstur GAMMA Capital Management hf. í heild og hvers sjóðs er gerður upp mánaðarlega, en það gerir stjórn félagsins kleift að bera árangur saman við áætlanir, fylgjast með breytingum í rekstri og grípa til aðgerða ef um verulega neikvæðar breytingar er að ræða.

Margvíslegum þáttum í rekstri GAMMA Capital Management hf. hefur verið útvistað. Regluvörslu og innri endurskoðun er útvistað til Kviku banka hf., móðurfélags félagsins. Innri endurskoðun styðst við alþjóðastaðla um innri endurskoðun (IPPF), fylgir leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2008 um endurskoðunardeildir fjármálafyrirtækja og 16. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Innri endurskoðandi framkvæmir eigin úttekt á hverju ári og skilar niðurstöðum beint til stjórnar GAMMA Capital Management hf. Könnun árshlutareikninga og endurskoðun ársreiknings félagsins er í höndum endurskoðunarfirmans Deloitte ehf. Þá er umsjón með bókhaldi og uppgjörum félagsins og sjóða í rekstri þess útvistað til Kviku banka hf.

Stjórn félagsins hefur sett sér skrifleg viðmið og stefnu um siðferði og samfélagslega ábyrgð þar sem gildi félagsins og siðferðisleg viðmið eru skilgreind. Gildi GAMMA Capital Management hf. eru m.a. að félagið hafi hag sjóðsfélaga í fyrirrúmi við stýringu sjóða og skulu starfsmenn félagsins í hvívetna hafa heiðarleika að leiðarljósi í störfum sínum.

Yfirlýsing um stjórnarhætti, frh.:

GAMMA Capital Management hf. hefur sett sér stefnu um hagsmunaárekstra sem ætlað er að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. Jafnframt hefur stjórn félagsins sett verklaagsreglur um eigin viðskipti starfsmanna og tengdra aðila, og reglur um atvinnuþátttöku starfsmanna. Markmið þessara reglna er að stuðla að óhlutdrægni gagnvart viðskiptavinum og sjóðum í rekstri félagsins og jafnræði á milli þeirra, koma í veg fyrir hagsmunaárekstra, tryggja óhæði starfsmanna og trúnað og trúverðugleika.

Þá hefur stjórn sett sér starfsreglur þar sem kveðið er á um störf hennar. Starfsreglurnar fjalla m.a. um megin skyldustörf stjórnar, skipan stjórnar og verkaskiptingu, hlutverk stjórnarformanns, réttindi og skyldur stjórnarmanna, venslaða aðila og viðskipti venslaðra aðila, vanhæfi, viðskiptaerindi stjórnarmanna, stjórnarfundi, boðun þeirra og fundargögn, fundargerðir, framkvæmdastjóra, árangursmat, starfsáætlun og upplýsingagjöf, móttöku nýrra stjórnarmanna og stjórnarsetu í dótturfélögum. Starfsreglum stjórnar er ætlað að tryggja jafnræði við meðferð mála fyrir stjórn, vandaða og óháða málsmeðferð og koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi. Í því skyni er starfsreglum stjórnar ætlað að styrkja umgjörð um viðskipti stjórnarmanna og félaga þeim tengdum við GAMMA Capital Management hf. og aðgang stjórnarmanna að upplýsingum um viðskiptamenn. Starfsreglur stjórnar eru aðgengilegar á vefsíðu félagsins, gamma.is.

Stjórn GAMMA framkvæmir reglulega sjálfsmat á árangri sínum á liðnu ári.

Í stjórn GAMMA Capital Management hf. sitja þrjú aðalmenn og tveir varamenn en þeir eru kosnir á aðalfundi til eins árs í senn. Framkvæmdastjóri og fjárfestingarstjóri sitja stjórnarfundi ásamt lögfræðingi félagsins sem ritar fundargerð. Stjórn GAMMA Capital Management hf. fundar að jafnaði mánaðarlega og oftast ef þurfa þykir og fundaði stjórnin 19 sinnum á árinu 2020. Stjórn GAMMA Capital Management hf. stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna félagsins gagnvart þriðja aðila. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, ákveður starfskjör hans og veitir prókúruumboð.

Framkvæmdastjóri félagsins er Máni Atlason (f. 1985). Máni var ráðinn framkvæmdastjóri félagsins haustið 2019. Máni starfaði hjá Kviku banka hf. á árunum 2015-2019 en þar áður hjá LOGOS lögmannsþjónustu í Reykjavík og London. Máni er með meistaraþróf í lögum frá Háskólanum í Reykjavík, lögmannsréttindi og hefur lokið prófi í verðbréfavíðskiptum. Máni gegnir ekki öðrum trúnaðarstörfum en fyrir GAMMA Capital Management hf.

Hjá GAMMA Capital Management hf. starfar enginn lykilstarfsmaður, að framkvæmdastjóra undanskildum, skv. 8. tölul. 1. mgr. 1. gr. a., laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2010, um hæfi lykilstarfsmanna.

Í stjórninni eiga eftirtaldir sæti:

Einar Hugi Bjarnason, lögmaður, stjórnarformaður (f. 1977). Einar lauk embættisprófi í lögfræði Háskóla Íslands árið 2005, öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður 2006 og réttindi til málflytnings fyrir Hæstarétti Íslands 2012. Einar Hugi er einn af eigendum Lögfræðistofu Reykjavíkur ehf. Einar starfaði hjá Mörkinni lögmannsstofu frá 2005 til 2008. Einar var einn stofnenda og eigenda Íslensku lögfræðistofunnar 2008 og starfaði þar til 2014. Einar Hugi rak ásamt fleirum Atlas lögmennt frá 2014 til 2017.

Einar Hugi hefur setið í stjórnnum fjölmargra félaga um lengri og skemmri tíma oftast tengt lögmannsstörfum og sinnt stundakennslu við lagadeild Háskóla Íslands. Einar hefur einnig setið í ýmsum nefndum á vegum hins opinbera.

Halldór Þór Snæland, meðstjórnandi (f. 1979), lauk B.Sc. prófi í iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands árið 2003 og M.Sc. í rekstrarverkfræði frá KTH Royal Institute of Technology í Stokkhólmi árið 2014. Halldór hefur unnið á fjármálamarkaði í 15 ár, meðal annars við áhættustýringu og fjárfestingu hjá MP banka hf. og þar áður Kaupþingi banka hf. Halldór starfar nú sem forstöðumaður rekstrarsviðs Kviku banka hf.

Yfirlýsing um stjórnarhætti, frh.:

Sigríður Mogensen, meðstjórnandi (f. 1985), starfar sem sviðsstjóri hugverkasviðs Samtaka iðnaðarins. Sigríður er hagfræðingur að mennt, með BS gráðu frá Háskóla Íslands og MS gráðu í reikningshaldi og fjármálum frá London School of Economics (LSE).

Guðmundur V. Friðjónsson, varamaður í stjórn (f. 1964) lauk Cand. Oecon prófi í viðskiptafræði árið 1989 frá Háskóla Íslands og meistaraþrófi í fjármálum og alþjóðaviðskiptum frá Viðskiptaháskólanum í Árósum í Danmörku árið 2005. Guðmundur hefur mikla reynslu á sviði fjármála og eigna- og áhættustýringar og hefur víðtæka þekkingu á fyrirtækjarekstri og rekstri lífeyrissjóða.

Daði Ólafur Elíasson, lögmaður, varamaður í stjórn (f. 1983). Daði lauk prófi frá Lagadeild Háskóla Íslands árið 2009. Daði starfaði sem lögmaður frá 2009-2016, á lögfræði- og fyrirtækjasviði Arion banka hf. frá 2016-2019 en frá þeim tíma á lögfræðisviði Kvik banka hf.

Einar Hugi Bjarnason, Sigríður Mogensen og Guðmundur V. Friðjónsson eru óháð GAMMA Capital Management hf. og stórum hluthöfum þess.

GAMMA Capital Management hf. hefur ekki verið synjað um heimild eða leyfi til þess að stunda tiltekin viðskipti eða starfsemi, og hefur ekki sætt afturköllun eða ógildingu á starfsleyfi eða skráningu.

GAMMA Capital Management hf. er ekki skráð í kauphöll en birtir fréttir af starfsemi sinni á heimasíðu félagsins og sendir jafnframt út fréttatilkynningar ef markverðar breytingar hafa orðið á starfsemi þess.